

Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að gera samninga um gagnkvæm upplýsingaskipti og um innheimtu erfðafjárskatts við önnur ríki.

Nú er eigi fyrir hendi samningur við annað ríki um að komast hjá tvísköttun verðmæta sem lög þessi taka til og skattaðili, sem skattskyldur er hér á landi skv. 1. gr. laganna, greiðir til opinberra aðila í öðru ríki skatta af sömu verðmætum sem skattskyld eru hér á landi og er skiptaráðanda þá heimilt samkvæmt umsókn skattaðila að lækka erfðafjárskatt hans hér á landi með hliðsjón af þessum skattgreiðslum hans.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1990.

*Gjört í Reykjavík, 27. desember 1989.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Jóhanna Sigurðardóttir.*

## L Ö G

### **um breyting á lögum nr. 14/1965, um launaskatt, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. 1. mgr. 3. gr., sbr. 7. gr. laga nr. 3/1986, orðist svo:

Hver almanaksmánuður er uppgjörstímabil launaskatts. Gjaldþagi launaskatts er 1. dagur næsta mánaðar á eftir uppgjörsmánuði, vegna launa í uppgjörsmánuði, og eindagi 14 dögum síðar. Beri eindaga upp á helgidag eða almennan frídag færist eindagi á næsta virkan dag á eftir. Launagreiðandi skal ótilkvaddur greiða skattinn innheimtumanni ríkissjóðs, í Reykjavík tollstjóra. Greiðslunni skal fylgja greinargerð launagreiðanda um launagreiðslur hans í uppgjörsmánuðinum. Greinargerðin skal vera í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

b. Orðin „mánuðina nóvember og“ í 2. másl. 3. mgr. 3. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 5/1982, falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1990 og koma til framkvæmda í fyrsta sinn vegna launaskatts sem greiða ber af launum er greidd eru fyrir janúarmánuð 1990.

*Gjört í Reykjavík, 28. desember 1989.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Ólafur Ragnar Grímsson.*